

## AUGLÝSING

### um sammingsviðauka nr. 15 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Hinn 3. júlí 2017 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna sammingsviðauka nr. 15, sem gerður var í Strassborg 24. júní 2013, um breytingu á samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1954, þar sem samningurinn var upphaflega birtur.

Sammingsviðaukinn hefur ekki öðlast gildi, en er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 3. mars 2021.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

---

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal.**

SAMNINGSVIÐAUKI NR. 15  
UM BREYTINGU Á SAMNINGI UM VERNDUN  
MANNRÉTTINDA OG MANNFRELSIS.

*Inngangsorð.*

Aðildarríki Evrópuráðsins og aðrir samningsaðilar að sáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem var undirritaður í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „sáttmálinn“), sem undirrita viðauka þennan,

sem hafa hliðsjón af yfirlýsingunni sem samþykkt var á ráðstefnu háttsettra fulltrúa um framtíð Mannréttindadómstóls Evrópu sem haldin var í Brighton 19. og 20. apríl 2012 og þeim yfirlýsingum sem samþykktar voru á ráðstefnunum sem haldnar voru í Interlaken 18. og 19. febrúar 2010 og Ízmir 26. og 27. apríl 2011,

sem hafa hliðsjón af álitserð 283 (2013) sem þing Evrópuráðsins samþykkti 26. apríl 2013,

sem hafa í huga nauðsyn þess að Mannréttindadómstóll Evrópu (hér á eftir nefndur „dómstóllinn“) geti áfram gegnt því mikilvæga hlutverki sínu að vernda mannréttindi í Evrópu,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Ný svohljóðandi forsenda bætist við í lok inngangsorða sáttmálans:

staðfesta að samningsaðilarnir hafa í samræmi við nálægðarregluna þá frumskyldu að tryggja þau réttindi og það frelsi sem eru skilgreind í þessum sáttmála og samningsviðaukum við hann, og hafa við það svigrúm til mats með fyrirvara um eftirlitslögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu sem komið er á fót með þessum sáttmála,.

2. gr.

1. Ný svohljóðandi 2. mgr. bætist við 21. gr. sáttmálans:

Umsækjendur skulu vera yngri en 65 ára daginn sem þingið biður um lista með þremur mönnum samkvæmt 22. gr.

2. Ákvæði 2. og 3. mgr. 21. gr. sáttmálans verði 3. og 4. mgr. 21. gr., í þeirri röð.

3. Ákvæði 2. mgr. 23. gr. sáttmálans falli brott. Ákvæði 3. og 4. mgr. 23. gr. verði 2. og 3. mgr. 23. gr., í þeirri röð.

3. gr.

Orðin „nema því aðeins að málsaðili mótmæli“ í 30. gr. sáttmálans falli brott.

4. gr.

Í stað orðanna „innan 6 mánaða“ í 1. mgr. 35. gr. sáttmálans komi orðin: innan 4 mánaða.

5. gr.

Orðin „og með þeim fyrirvara að óheimilt er að vísa frá, á þessari forsendu, máli sem innlendur dómstóll hefur ekki fjallað um á tilhlýðilegan hátt“ í b-lið 3. mgr. 35. gr. sáttmálans falli brott.

*Loka- og bráðabirgðaákvæði.*

6. gr.

1. Samningsviðauka þennan er öllum samningsaðilum sáttmálans heimilt að undirrita og er þeim heimilt að lýsa yfir samþykki sínu fyrir því að vera bundnir af honum annaðhvort með:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða

b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

2. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

7. gr.

Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er allir samningsaðilar sáttmálans hafa lýst sig samþykka því að vera bundnir af samningsviðaukanum í samræmi við ákvæði 6. gr.

8. gr.

1. Þær breytingar, sem fram koma í 2. gr. þessa samningsviðauka, gilda einungis um dómaræfni á listum sem samningsaðilarnir leggja fyrir þingið skv. 22. gr. sáttmálans eftir gildistöku þessa samningsviðauka.
2. Breytingin, sem sett er fram í 3. gr. þessa samningsviðauka, gildir ekki um mál fyrir dómstólnum þar sem málsaðili hefur, fyrir gildistökudag þessa samningsviðauka, mótmælt tillögu deildar dómstólsins um eftirgjöf lögsögu til yfirdeildarinnar.
3. Ákvæði 4. gr. þessa samningsviðauka öðlast gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá gildistökudegi þessa samningsviðauka. Ákvæði 4. gr. þessa samningsviðauka gilda ekki um beitingu þar sem fullnaðarákvörðun í skilningi 1. mgr. 35. gr. þessa sáttmála var tekin fyrir gildistökudag 4. gr. þessa samningsviðauka.
4. Öll önnur ákvæði þessa samningsviðauka gilda frá gildistökudegi hans í samræmi við ákvæði 7. gr.

9. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins og öðrum samningsaðilum þessa sáttmála um:

- a. sérhverja undirritun,
- b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu,
- c. gildistökudag þessa viðbótarsamnings í samræmi við 7. gr., og
- d. sérhvern gerning, tilkynningu eða orðsendingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samningsviðauka þennan.

Gjört í Strassborg 24. júní 2013 í einu eintaki á ensku og frönsku, sem verður afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda hverju aðildarríki Evrópuráðsins og öðrum samningsaðilum þessa sáttmála staðfest endurrit.

PROTOCOL NO. 15  
AMENDING THE CONVENTION ON THE PROTECTION  
OF HUMAN RIGHTS AND FUNDAMENTAL FREEDOMS

*Preamble*

The member States of the Council of Europe and the other High Contracting Parties to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, signed at Rome on 4 November 1950 (hereinafter referred to as “the Convention”), signatory hereto,

Having regard to the declaration adopted at the High Level Conference on the Future of the European Court of Human Rights, held in Brighton on 19 and 20 April 2012, as well as the declarations adopted at the conferences held in Interlaken on 18 and 19 February 2010 and İzmir on 26 and 27 April 2011;

Having regard to Opinion No. 283 (2013) adopted by the Parliamentary Assembly of the Council of Europe on 26 April 2013;

Considering the need to ensure that the European Court of Human Rights (hereinafter referred to as “the Court”) can continue to play its pre-eminent role in protecting human rights in Europe,

Have agreed as follows:

Article 1

At the end of the preamble to the Convention, a new recital shall be added, which shall read as follows:

“Affirming that the High Contracting Parties, in accordance with the principle of subsidiarity, have the primary responsibility to secure the rights and freedoms defined in this Convention and the Protocols thereto, and that in doing so they enjoy a margin of appreciation, subject to the supervisory jurisdiction of the European Court of Human Rights established by this Convention,”

Article 2

- 1 In Article 21 of the Convention, a new paragraph 2 shall be inserted, which shall read as follows: “Candidates shall be less than 65 years of age at the date by which the list of three candidates has been requested by the Parliamentary Assembly, further to Article 22.”
- 2 Paragraphs 2 and 3 of Article 21 of the Convention shall become paragraphs 3 and 4 of Article 21 respectively.
- 3 Paragraph 2 of Article 23 of the Convention shall be deleted. Paragraphs 3 and 4 of Article 23 shall become paragraphs 2 and 3 of Article 23 respectively.

Article 3

In Article 30 of the Convention, the words “unless one of the parties to the case objects” shall be deleted.

Article 4

In Article 35, paragraph 1 of the Convention, the words “within a period of six months” shall be replaced by the words “within a period of four months”.

Article 5

In Article 35, paragraph 3, sub-paragraph b of the Convention, the words “and provided that no case may be rejected on this ground which has not been duly considered by a domestic tribunal” shall be deleted.

*Final and transitional provisions*

Article 6

- 1 This Protocol shall be open for signature by the High Contracting Parties to the Convention, which may express their consent to be bound by:
  - a signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
  - b signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.
- 2 The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 7

This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which all High Contracting Parties to the Convention have expressed their consent to be bound by the Protocol, in accordance with the provisions of Article 6.

Article 8

- 1 The amendments introduced by Article 2 of this Protocol shall apply only to candidates on lists submitted to the Parliamentary Assembly by the High Contracting Parties under Article 22 of the Convention after the entry into force of this Protocol.
- 2 The amendment introduced by Article 3 of this Protocol shall not apply to any pending case in which one of the parties has objected, prior to the date of entry into force of this Protocol, to a proposal by a Chamber of the Court to relinquish jurisdiction in favour of the Grand Chamber.
- 3 Article 4 of this Protocol shall enter into force following the expiration of a period of six months after the date of entry into force of this Protocol. Article 4 of this Protocol shall not apply to applications in respect of which the final decision within the meaning of Article 35, paragraph 1 of the Convention was taken prior to the date of entry into force of Article 4 of this Protocol.
- 4 All other provisions of this Protocol shall apply from its date of entry into force, in accordance with the provisions of Article 7.

Article 9

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe and the other High Contracting Parties to the Convention of:

- a any signature;
- b the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
- c the date of entry into force of this Protocol in accordance with Article 7; and
- d any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 24th day of June 2013, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe and to the other High Contracting Parties to the Convention.